

Greinargerð með umræðu um fyrirhugaðar aðgerðir til að bæta starfsaðstæður og vinnuumhverfi í leik- og grunnskólum (að beiðni borgarfulltrúa Viðreisnar)

Borgarstjórnarflokkur Viðreisnar óskar eftir umræðu um fyrirhugaðar aðgerðir til að bæta starfsaðstæður og vinnuumhverfi í leik- og grunnskólum.

Í samstarfsyfirlýsingu flokka sem nú mynda meirihluta í borgarstjórn segir í í kafla um börn og fjölskyldur: „Við viljum bæta starfsaðstæður og vinnuumhverfi í leik- og grunnskólum í samvinnu við starfsfólk, þar með talið hljóðvist og námsgögn.“ Óskað er eftir frekari umræðu um aðgerðir, tímaáætlun og kostnað sem fyrirhugað er að fara í á næstu 12 mánuðum til að bæta starfsaðstæður og vinnuumhverfi.